

Fiskeldi Austfjarða hf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 8.11.2023
UST202301-418/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19. september 2023 – Laxar fiskeldi ehf. (nú Fiskeldi Austfjarða), utanverðum Reyðarfirði

Þann 19. september sl. fór fram eftirlit hjá Löxum fiskeldi ehf. (nú Fiskeldi Austfjarða hf.), utanverðum Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávík komu fram í eftirliti árið 2022 er varða skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi. Frávíkunum hefur verið lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Endurskoðuðum umhverfismarkmiðum skal skila til eftirlitsaðila á a.m.k. fjögurra ára fresti. Senda skal Umhverfisstofnun endurskoðaða vöktunaráætlun til samþykktar. Allir útreikningar vegna útstreymisbókhalds þurfa að fylgja með skilum til Umhverfisstofnunar.

Eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var skilað án fullnægjandi undirritunar þann 30. apríl sl. Umhverfisstofnun barst grænt bókhald með fullnægjandi undirritun þann 2. maí sl. og frávíkinu því lokið.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri

Freyr Ævarsson
sérfræðingur